

Stjórnarfundur STEFs 13. maí 2026 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 13. maí 2026 kl. 10:00 á Laufásvegi 40.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Sóley Stefánsdóttir, Halldór Smárasón og Bragi Valdimar Skúlason. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 24. apríl og útdráttur úr fundargerð samþykkt.

2. Ársreikningur STEFs lagður fram til afgreiðslu. Einar Hafliði Einarsson endurskoðandi mætti á fundinn og kynnti ársreikninginn, en auk þess var Grímur Helgi Pálsson, fjármálastjóri STEFs, viðstaddur þennan dagskrárlið fundarins.

Heildartekjur STEFs á árinu 2025 voru kr. 1.512.048.059, sem er 25,4% hækkun milli ára. Hreinar tekjur námu kr. 1.266.107.582, sem er 19,2% hækkun milli ára. Flutningsréttartekjur innlendar voru 956.663.905, erlendar tekjur kr. 151.309.005 (án streymis) og tekjur af streymisveitum og eintakagerð námu kr. 28.805.273.

Úthlutun STEFs á árinu 2025 nam kr. 855.176.120. Til viðbótar því úthlutaði STEF í gegnum sjóði sína styrkjum upp á kr. 99.390.081. Samtals voru því úthlutanir og styrkir ársins kr. 963.896.291.

Á árinu 2024 var sérstök aukaúthlutun vegna Netflix -tekna er safnast höfðu nokkuð upp og nam hún kr. 192.022.151. Þegar úthlutun og styrkjaveitingar ársins 2025 eru bornar saman síðasta ársreikning, án tillits til þessarar aukaúthlutunar, var hún um 3% hærri en á fyrra ári.

Að umræðum loknum var ársreikningurinn samþykktur og undirritaður.

3. Ársskýrsla lögð fram til kynningar. Engar athugasemdir komu fram við skýrsluna.

4. Ekkert yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundinum var lagt fram að þessu sinni, þar sem skammt er frá þeim fundi. Framkvæmdastjóri fór þó yfir framkvæmd sjóðaúthlutunar og afhendingu „Langspilsins“, verðlauna STEFs. Sérstaklega er rétt að geta þess að nú voru í fyrsta sinn afhentir styrkir úr „Tónheilsusjóði STEFs“, sem er mjög ánægjulegt.

5. Sjálfsmat stjórnar 2025-2026.

Lagðar voru fram niðurstöður úr árlegu sjálfsmati stjórnar STEFs. Allir stjórnarmenn nema einn tóku þátt í sjálfsmatinu, sem er stöðluð könnun, sem mælt er fyrir um í starfsreglum stjórnar. Almenn tölur stjórnarmenn að stjórnarstarfið hafi gengið vel og skilað árangri. Lítil breyting er á milli svara milli ára.

6. Umboð til IHM vegna málsóknar við Símann til lokunar vefsvæða.

Samþykkt var að veita IHM umbeðið málsóknarumboð vegna fyrirhugaðs lögbannsmáls á hendur Símanum, til lokunar tiltekinna vefsvæða. Hefur Síminn ekki viljað loka á þessi vefsvæði nema að undangengnu lögbanni, en Síminn hefur þó lýst því yfir, að fyrirtækið muni ekki fara fram á lögbannstryggingu, né að fylgja þurfi lögbanninu eftir með staðfestingarmáli fyrir dómi.

Undir þessum lið var einnig rædd mikil notkun „Plex“ á Íslandi og viðbrögð við því. Ljóst er að ein ástæða þessarar notkunar er vöntun á íslensku efni á streymisveitum og þá sérstaklega barnaefni.

7. Rannsókn á Spotify.

Lögð var fram lýsing á fyrirhugaðri rannsókn frá „Rannsóknarsetri skapandi greina“, auk fjárhagsáætlunar. Samþykkt var að STEF myndi ásamt SFH standa straum að þessum kostnaði, enda mikilvægt að geta staðhæft með hlutlausri rannsókn hvernig íslensk tónlist birtist íslenskum notendum veitunnar.

8. Beinar leyfisveitingar erlendra tónhöfunda.

Samþykktar voru verklagsreglur sem setja ramma utan um beiðnir, sem STEFi kunna að berast frá erlendum umboðsfyrirtækjum, er óska eftir að STEF samþykki beinar leyfisveitingu höfunda, sem jafnframt eru flytjendur á stórtónleikum sem haldnir eru hér á landi. Reglur þessar setja tiltekin skilyrði fyrir slíkum leyfisveitingum s.s. um tímafrest tilkynninga um slíkt. Var einnig samþykkt að kynna þetta sérstaklega á enskri útgáfu heimasíðu STEFs.

9. Styrkbeiðni frá *Iceland Sync* vegna lagahöfundabúða.

Stjórn STEFs samþykkti að veita tiltekinn styrk til lagahöfundabúða í nóvember, sem nemur kostnaði við tvo þátttakendur. Þá er þátttakendum sem fara utan á vegum *Iceland Sync* í lagahöfundabúðir bent á að leita til Ferðasjóðs STEFs.

10. Tilnefning í stjórn Upptökusjóðs STEFs.

Samþykkt var að tilnefna Mikael Lind í stjórn Upptökusjóðs STEFs, í stað Kjartans Sveinssonar.

11. Hækkun framlags til NFMD

Lagt var fram bréf frá formanni og framkvæmdastjóra NFMD (Nordic Film Music Days), svo og kostnaðaráætlun. Í bréfinu er gerð grein fyrir því að framlag þeirra sem standa að NFMD hafi staðið í stað nú í allmörg ár. Norðurlöndin hafa borgað hvert fyrir sig 10.000 evrur og Ísland 5.000 evrur. Fyrir liggur að þrjú lönd hafa samþykkt að hækka framlag sitt um 2.000 evrur hvert. Samþykkt vara að STEF myndi hækka árlegt framlag sitt um 1.000 Evrur. Vert er að nefna að þau tónskáld sem tilnefnd eru til Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna (Harpa) hafa undanfarin ár tekið meiri þátt í dagskrá NFMD, s.s. með þátttöku í fræðsluviðburðum og með slíku hefur ferðakostnaður þessara aðila flust frá aðildarlöndum til NFMD.

12. Undirbúningur aðalfundar fulltrúaráðs 2026.

Farið var yfir framkvæmdaatriði fundarins, eins og varamenn fulltrúaráðs og fyrirhugaða kosningu bæði á stjórn og formanni fulltrúaráðs. Ljóst er að þau Hildur Kristín Stefánsdóttir og Halldór

Smáráson munu ekki bjóða sig fram að nýju í stjórn STEFs og var þeim þakkað gott samstarf undanfarin tvö ár.

13. Önnur mál.

Engin frekari mál voru fram borin.

Fundi slitið kl. 13:05.